

HVAR ERU FRAMLIÐNIR

*Skoðanir nokkurra nafnfrægra Bretta,
ásamt athugasemdum.*

I

Árið 1928 kom út í London bók, sem heitir „Where are the Dead?“ og er þar safn ritgerða eftir suma af nafnkunnustu vísindamönnum, spekingum, skáldum og klerkum Bretta. Formáli bókarinnar hefst á því, að ekki sé til nein spurning, sem meiri þýðingu hafi fyrir hvert mannsbarn en þessi. Er fyrst prentað bréf frá A. J. C., sem birtist í blaðinu Daily News og varð til þess, að blaðið bað nokkra af „helstu spekingum samtíðarinnar“ („some of the greatest thinkers of today“) að láta í ljós, hvernig þeir vildu svara þessari spurningu.

Bréfritarinn A. J. C. hefir eftir einhverjum þessi orð: „Mér fyrir mitt leyti hefir alltaf fundist sem ég muni í einhverri mynd lifa eftir dauðann, en það sem ég hefi aldrei getað skilið er, hvert við öll förum eftir dauðann, ef við þá förum nokkuð.“ Og því næst minnir hann á, að 30 milljónir manna a. m. k. deyja árlega hér á jörðu, og að tala framliðinna frá upphafi mannkynsins muni skipta mörgum billjónum. „Hvar eru allar þessar milljónir milljóna?“ spyr bréfritarinn að lokum, og kvartar yfir því, að kirkjunnar menn gefi aldrei ákveðið eða skynsamlegt svar við þessari spurningu.

Í því, sem á eftir fer, minnist ég á það sem mér virðist einna fróðlegast í svörum hinna miklu spekinga.

II

Fyrstur svarar hinn frægi læknir og mannfræðingur Sir Arthur Keith. Hann er mjög eindreginn vantrúarmaður, og verður að dást að þeim kjarki, sem þarf til þess að vera það, þar sem kirkja og kristindómur má sín eins mikils og með

Bretum. „Líf eins og vér þekkjum það“, segir hann, „byggist alltaf á efnisundirstöðu; lífeðlisfræðingar geta ekki hugsað sér hvernig líf ætti að geta verið til án sambands við efni. Ef hugur manns á að geta lifað eftir dauðann, þá verða líkamir vorir einnig að geta það.“ Sú ályktun, að um líkama-laust líf geti ekki verið að ræða, virðist mjög skynsamleg, og þar sem Sir A. K. hugkvæmist ekki, að lífið kunni að vera þess megnugt, að skapa sé nýjan líkama í stað þess, sem ónýtist og deyr, þá er skiljanlegt mjög, að hann er alveg trúlaus á ódauðleika mannsins.

Hinn heimskunni eðlisfræðingur Sir Oliver Lodge, sem kemur næst, er aftur á móti alveg sannfærður um að maðurinn lifi þótt hann deyi, og telur sig byggja þessa sannfæringu sína á fullgildum sönnunum. En hvernig hinn mikli eðlisfræðingur fer að hugsa sér framlífið sem líf í ljósvakanum, er ofvaxið mínum skilningi. Koma mér í hug í því sambandi þessi orð Goethe: Denn ein vollkommner Widerspruch bleibt gleich geheimnisvoll für Kluge wie für Thoren: það sem er í fullkominni mótsögn við sig sjálft, er jafn óskiljanlegt fyrir vitran og fávisan.

Þá kemur skemmtileg grein eftir skáldsagnahöfundinn Arnold Bennett. Honum farast svo orð: „Sérhvert svar (við þessari spurningu) er einungis lausleg tilgáta einhvers einstaklings á einhverju augnabliki hins andlega þroskaferils hans.“ Og enn fremur: „Vér getum ekki hugsað oss, „sál“ án líkama.“ Hann ræðir um þá kenningu, að heimkynni framliðinna séu í 4. rýmd (dimension), og telur staðleysu eina, þar eð enginn geti í rauninni haft neinn skilning á því, hvað 4. rýmd sé. Þá minnist hann á endurholdgun hér á jörðu og telur mjög ólíklega. Framlíf í ljósvakanum virðist honum varla geta komið til mála: „in the ether, on no physical footing? Almost inconceivable.“ — Þá kemur Bennett — einn allra þessara ritgerðahöfunda! — að því, hvort lífið muni halda áfram á einhverri annarri stjörnu, en telur það með öllu ómögulegt, af því að vér getum ekki ímyndað oss, hvernig sálar með líkönum ættu að geta flust milli stjarnanna. Skáldið lýkur þannig máli sínu „að hann sé ekki sann-

færðari um neitt en það, að vér munum aldrei fá vitað, hvað dauðinn þýðir eða hvað á eftir kemur. . . . Það er best fyrir oss að fá aldrei að vita það. Mannleg fáfræði um framtíðina er meir en blessun; það er ráðstöfun guðlegrar visku að svo skuli vera.“ (!)

Einn af þeim, sem spurningunni svara, er Julian S. Huxley, sonarsonur Th. H. Huxleys (1825-95), sem var samherji Darwins og í tölum ágætustu náttúrufræðinga sinnar samtíðar. Julian er prófessor í dýrafræði eins og afi hans, og fetar vel í hans fótspor. Hann hefur mál sitt á því, að hið eina rétta svar við spurningunni „Hvar eru framliðnir?“ sé þetta: „Vér vitum það ekki.“ Þó telur hann málið þess vert að ræða það. Huxley getur ekki, fremur en Sir A. K. og Arnold Bennett, hugsað sér líkamalaust framlíf. Og hann bendir á, að ef andi mannsins lifi áfram eftir dauðann, þá verði andi apans einnig að gera það, og svo framvegis niður á við, en honum finnst hlægilegt að hugsa sér eilíft líf í sambandi við maðk eða marglyttu. Hefir hann þar of lítið lært af Darwin og afu sínum, því að það sem lifir eilíflega, er ekki maðkurinn og marglyttan, heldur lífsneistinn, sem sækir fram, þrátt fyrir dauðann, til að skapa sér fullkomnari efnismynd. Niðurstaða Jul. Huxley er sú, að hann getur ekki hugsað sér, að einstaklingurinn lifi áfram eftir dauðann. Nógu skrítið er það, að einnig þessum ágæta náttúrufræðingi vex í augum að hugsa sér milljónir milljóna framliðinna og nefnir í því sambandi jarðfræði og stjörnufræði. En nú víkur einmitt svo við, að án jarðfræði og stjörnufræði gætum vér ekki gert oss neina skynsamlega grein fyrir lífinu eftir dauðann. Mikilleiki heimsins eins og stjörnufræðin kennir oss hann, gerir allar hugmyndir um rúmleysi eða þróngbýli fyrir framliðna, jafnvel þó að um milljónir milljóna, billjónir billjóna og svo framvegis sé að ræða, næsta hlægilegar.

III

Þrátt fyrir ágæta ritgerð eftir Conan Doyle, eina þá bestu sem í bók þessari er að finna, verður ekki hjá því komist að

segja, að svör hinna frægu höfunda bera það mjög greinilega með sér, að þeir hafa hvergi nærri rannsakað nágu vel þær upplýsingar um lífið eftir dauðann, sem taldar eru vera frá framliðnum. En ef það er gert nágu rækilega — og ég hefi fengist við þesskonar rannsóknir í 27 ár — þá kemur í ljós svo að ekki verður um villst, viðleitni framliðinna á að fræða oss hér á jörðu um það, að lífið eftir dauðann er líkamlegt jarðlíf, engu síður en lífið hér á jörðu. Tel ég mig vita þetta með fullkominni vissu, þannig, að ekki er um neina trú að ræða, heldur sannfæringu, sem er byggð á óumflýjanlegum ályktunum. Er það hin mesta fjarstæða, sem sumir virðast ímynda sér — og óefað meir þó vegna gáleysis en greindarskorts — að maður, sem nokkra hæfileika hefir sýnt til vísindalegra rannsókna, sé áratug eftir áratug að fást við að rannsaka það sem ekki sé nein leið að öðlast nokkra vitneskju um. Og það er áreiðanlega vísindalegra, að ná fram til vissu, heldur en að vera alltaf í óvissu. Eintómar efasemdir hafa aldrei leitt til neinnar mikillar hugsunar eða uppgötvunar. En vitanlega ber að varast rangar sannfæringar, og undir hæfileikanum til þess, er að að mjög miklu leyti komið, hversu mikið mönnum tekst að fá afrekað í þekkingarefnum.

IV

Því hefir ekki verið nægilega gaumur gefinn, að þessi viðleitni framliðinna á að fræða oss, og ýmislegt sem frá þeim hefir fengist, eigi einungis gegn áhugaleysi viðtakenda, heldur jafnvel gegn eindregið gagnstæðum sannfæringum þeirra, er fullgild sönnun fyrir framhaldi lífsins. En svo ramar eru hinar röngu sannfæringar, að það er algengt, að viðtakendur taki ekki einu sinni eftir því hvað það er í rauninni, sem þeim hefir verið sagt. Á þessu ári verða 15 ár síðan ég fékk fyrst prentaða í vikublaðinu Light (London) grein, sem miðar að því að greiða fyrir skilningi á þessum efnum. Hefi ég fengið margar greinar birtar í því tímariti síðan, en nokkrar í þýskum og frönskum, og hafa allar miðað að því sama, að gera líffræði og sálfræði að heimsvis-

indum, spíritistana að náttúrufræðingum, en náttúrufræðingana, ekki að spíritistum, heldur að framlífsfræðingum, og sjálfa náttúrufræðina að heimspeki meir en áður hefir verið. En dauflega hefir enn verið tekið þeim sannindum, sem meira ríður á að vita en nokkur önnur, og ef betur hefði vegnað í þessum efnum, þá væru ekki þeir vandræðatímar sem nú eru. Því að ný jarðöld hefst með því að uppgötva mátt lífsins til að sigrast á fjarlægðum himingeimsins, ný öld, og svo miklu betri en áður, að um fullkomna stefnubreytingu er að ræða, frá helstefnu til lífstefnu.

V

Sannleikanum miðar að vísu seint, en samt hefir nokkuð áunnist. Það er þegar bersýnilegt að íbúum stjarnanna er nú mun auðveldara en áður að fá það ritað eða sagt með tilstyrk miðils, sem þeir telja mesta nauðsyn á að koma oss hér á jörðu í skilning um. Þykir mér þar sérstaklega merkilegt ýmislegt sem gerst hefir í sambandi við ágæta enska konu, Mrs. Olive Gillespie, miðaldra prestsekkju, sem misst hefir mann sinn fyrir nokkrum árum. Sir William Crookes, einn af ágætustu vísindamönnum sinnar samtíðar, brautryðjandi hinnar nýju eðlisfræði (dáinn 1917), hefir náð sambandi við þessa konu og látið í ljós ósk um að fá með hennar tilstyrk ritaða lýsingu á lífi framlíðinna, er jafnframt væri lýsing á lífinu á öðrum stjörnum. Og svo langt er komið, að framlíðnir, sem samband hafa við þessa ágætu konu, banna harðlega að þeir séu kallaðir andar og íbúar andaheims, en taka skyrt fram, að þeir eigi heima á jarðstjörnu og séu engu síður líkamlegir en í lífinu hér á jörðu. Og Crookes hefir gegnum Mrs. Gillespie sent mér hvatningar- og viðurkenningsarorð. Eftirtektarvert er það einnig, að hinn nafnkunni miðill og skáldsagnahöfundur Miss Geraldine Cummins, sem mjög áhugalaus hafði verið um stjörnufræði, hefir af framlíðnum verið beðin um að afla sér nokkurar þekkingar á þeim vísindum, svo að miðilsstarf hennar geti að meiri notum orðið.

VI

Það má telja alveg víst, að á stjörnum þar sem lengra er komið, sé mikil eftirtekt veitt því sem fram fer í þessu heimkynni hörmunganna, sem jörð vor hefir svo oft nefnd verið. Sigurinn sem hér þarf að vinna hefir alheimsþýðingu, og ekki þarf að efa, að hugurinn á að rétta oss hjálparhönd er mikill. En engin leið er að veita þá hjálp, sem nauðsynleg er, ef sannleikurinn er ekki þeginn. Gegen die Dummheit kämpfen die Götter selbst vergebens, sagði hinn ágæti Schiller: Þar sem heimskan er til móts megna jafnvel guðirnir ekki að hjálpa. Að þiggja sannleikann er hið nauðsynlegasta upphaf, einmitt þann sannleik, sem hér á Íslandi hefir fyrst skilist og Íslendingum stendur næst að greiða brautina fyrir.

Og fagur verður sá sigur, þegar hann vinnst. Á tíu árum munu þá meiri framfarir verða en á tíu þúsund árum áður. Bölöld jarðar vorrar mun þá lokið verða, en örugglega komist á þá framfaraleið, sem er til ávallt vaxandi og batnandi lífs.

5. apríl '40.